

Fundargerð



Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Margrét Helga Hallsdóttir	31.10.2024	12-14	Þorkell V Þorsteinsson	31.10.2024
Fundarmenn: Sigurjón Rafnsson, Þorkell V. Þorsteinsson, Kristján Bjarni Halldórsson, Íris Helma Ómarsdóttir, Guðrún Ottósdóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Reynisdóttir, Kristjana Jónasdóttir, Helga Óskarsdóttir, Einar Einarsson, Fannar Orri Pétursson.				
Fjarverandi: Stefán Vagn Stefánsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir.				

Dagskrá:

- Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
- Húsnæðismál
 - Heimavistin
 - Verknámshúsið
- Fjármál
- Nýtt námsframboð
- Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	Íris áfangastjóri fór yfir skólahald haustannar. 812 nemendur eru skráðir í skólann á haustönn 2024. Flestir nemendur koma frá Norðurlandi vestra en þó er skólinn með nemendur frá öllu landinu. Mikil fjölgun hefur verið á sjúkraliðabraut og starfsbraut. Í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra starfa 73 starfsmenn í 60 stöðugildum. 30 karlar og 43 konur. Nýir starfsmenn eru Heiða Jonna, leiklist, Gunnar Ingi Gunnarsson, rafvirkjun, Henrike Stuehff, umsjónarmaður dreifnáms á Hólmavík, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi, Þorbjörg Sandra	

Fundargerð



	Magnúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Þorgrímur Guðni Björnsson, vistarliði, Kolbrún Marvia Passaro, Íþróttir, Laufey Leifsdóttir, íslenska, Signý Sif Sigurjónsdóttir, málmiðngreinar, Valdís Auður Arnardóttir, umsjónarmaður dreifnáms á Hvammstanga. Geir Eyjólfsson, Gunnar Gunnarsson, Ingileif Oddsdóttir, Ingvar Magnússon og Þorgerður Jóhannsdóttir eru í veikindaleyfi. Rakel Runólfsdóttir er í árs leyfi.	
2.	Miklar framkvæmdir hafa verið á heimavist skólans. Neðsta hæðin hefur verið endurnýjuð að fullu og þar er komið nýtt þvottahús. Á Kirkjutorgi hafa einnig verið miklar framkvæmdir á árinu. Allt er tilbúið inni en næst á dagskrá er að klæða húsið að utan. Búið er að undirrita samning um byggingu verknámshúss upp á allt að 1400 fermetra.	
3.	Guðrún Ottósdóttir fjármálastjóri fór yfir fjárlögin fyrir árið 2025, lítilsháttar breyting frá árinu 2024. Erfitt er að spá fyrir um niðurstöðu ársins vegna kjarasamninga kennara og fleira.	
4.	Sagt var frá matvælabraut sem stefnt er á að fara af stað með haustið 2025.	
5.	Önnur mál: Fannar Orri, formaður nemendaráðs sagði frá starfi nemendafélags NFNV. Næsti stóri viðburður hjá þeim er menningarkvöld og söngkeppni sem haldið verður þann 15.nóvember næstkomandi. Æfingar fyrir leikritið Rocky Horror mun hefjast um miðjan janúar.	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Fundargerð er geymd á skrifstofu skólameistara, sarpinum og á heimasíðu skólans.